



Til Bæjarráðs

Kópavogi, 29. nóvember 2021
2003639/405.00 ABS

Efni: Afsláttur af þjónustugjöldum vegna Covid-19

Á fundum bæjarráðs 2. apríl 2020 og 22. október 2020 voru samþykktar tillögur um afslætti á þjónustugjöldum þar sem þjónusta var ekki nýtt í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru uppi vegna áhrifa Covid-19. Samþykktin var tímabundin, með gildistíma til loka maí 2020 annars vegar og til loka desember 2020 hins vegar.

Vegna núverandi áhrifa Covid-19 í samfélaginu er lagt til að samþykkt verði á ný að veita afslætti vegna Covid-19 með eftirfarandi hætti.

- Í þeim tilvikum sem þjónusta leik- og/eða grunnskóla fellur niður eða skerðist vegna veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.
- Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda/einangrunar vegna Covid-19 verða gjöld leiðrétt hlutfallslega.
- Ofangreint nær til þjónustugjalda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Ákvörðunin er tímabundin og gildir til loka yfirstandandi skólaárs eða til 1.júlí 2021.

Þjónustugjöld eru innheimt fyrirfram og koma leiðréttingar því fram á reikningi næsta mánaðar á eftir. Gert er ráð fyrir að fyrstu leiðréttingum vegna samþykktar þessarar verði lokið samhliða reikningagerð 1. janúar 2022.

Þessi samþykkt er með þeim fyrirvara að þjónustugjöld eru ekki lækkuð í þeim tilvikum sem foreldrar nýta ekki þjónustu og hafa val þar um, s.s. í þeim tilvikum þegar foreldrar velja að hafa börnin sín heima eða ef þess er óskað að foreldrar sæki börn sín fyrr vegna forfalla, hafi þeir tök á.

Virðingarfyllst,

Sindri Sveinsson

Rekstrarstjóri menntasviðs